

AUGLÝSING

um lækkun aðflutningsgjalda af nokkrum vörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 61 29. apríl 1943, skulu frá og með 19. nóvember 1943 aðflutningsgjöld af eftirtöldum vörum vera svo sem hér segir:

Tollskr. nr.		Tollein- ing	Vörumagns- tollur. Aurar	Verð- tollur %
8. kafli nr. 6.	Epli ný	1 kg	7	10
8. — — 15.	Perur nýjar í mánuðunum febr. til og með júli	—	3,36	10
8. — — 15 a.	Perur nýjar í öðrum mánuðum	—	7	10
8. — — 33.	Rúsinur	—	7	25
8. — — 34.	Sveskjur	—	7	25
10. — — 6.	Máis	—	—	4
19. — — 5.	Rís og aðrar korntegundir og rótarávextir, steikt, gufusoðið eða tilreitt á annan svipað- an hátt	—	7	10
20. — — 7.	Pulp og safi úr ávöxtum, ósykraður	—	7	8
20. — — 9.	Saft úr ávöxtum og jurtahlutum	—	7	10
72. — — 22.	Reiknivélar	—	3,5	15
72. — — 23.	Ritvélar	—	3,5	15
72. — — 24.	Talningavélar (fétalar)	—	3,5	15
72. — — 25.	Fjölritarar (duplikatorar)	—	3,5	15
72. — — 26.	Aðrar skrifstofuvélar og hlutar til þeirra, ót. a.	—	3,5	15

Máis, 10. kafli nr. 6, skal þó vera verðtollsfrjálst til ársloka 1943, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 57 20. marz 1943.

Af pulp og safi úr ávöxtum, ósykraðum, 20. kaffla nr. 7, og af saft úr ávöxtum og jurtahlutum, 20. kaffla nr. 9, skal ekki innheimta eftirlitsgjald samkvæmt reglu-gerð nr. 67 22. febr. 1940, sbr. lög nr. 24 1. febr. 1936.

Fjármálaráðuneytið, 6. nóvember 1943.

Björn Ólafsson.

Magnús Gíslason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 3 13. febrúar 1943, um verðlag.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 3 13. febrúar 1943 orðist svo:

Meðan það verðlag á innlendum afurðum gildir, sem samkomulag varð um í landbúnaðarvísitölunefnd, skal þrátt fyrir ákvæði síðasta málsliðar 1. gr. laga þess-

ara útsöluverð þeirra vara, sem mjólkurverðlagsnefnd og kjötverðlagsnefnd ákveða verð á, háð samþykki viðskiptaráðs. 75

Við ákvörðun á útsöluverði skal miðað við verð það til bænda, sem samkomu- lag varð um í landbúnaðarvísitölunefnd, að viðbættum óhjákvæmilegum kostnaði. 10. nóv.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. nóvember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

76

10. nóv.

um breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Komist búfénaður inn á sandgræðslusvæði, sem afgirt er með fullgildri og ógallaðri sandgræðslugirðingu, skal sandgræðslustjóri láta merkja það búfé og tilkynna síðan hreppstjóra, en hann tilkynnir það eigendum fénaðarins. Komist sömu skepnur þrásinnis inn á svæðið og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur sandgræðslustjóri krafizt, að viðkomandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð, eftir því sem fært er. Sandgræðslan greiði síðan þann mismun, sem á kann að vanta, að eigandi fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna.

Nú á hreppstjóri eða nánustu vandamenn hans hlut að máli, og kveður þá sýslumaður óvilhallan mann í hans stað til þess að framfylgja lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. nóvember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.